



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Byggingarfulltrúi Kópavogs

Kópavogi, 13. janúar 2026
2510157/501.00 KH

Skemmuvegur 4A. LED auglýsingaskilti. Umsagnarbeiðni.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 12. janúar 2026 var lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa dags. 26. september 2025 þar sem byggingarleyfisumsókn Handknattleiksfélags Kópavogs er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt var um leyfi að gera breytingu á vesturhlið flettiskiltis á 5,8*3,8 LED á bæjarlandi við Skemmuveg 4A. Uppdrættir og skýringar dags. 29. janúar 2025. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. október 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra. Lagt fram að nýju ásamt umsögn dags. 12. janúar 2026.

Bókun skipulagsfulltrúa:

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. janúar 2026.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa

Karlotta Helgadóttir
Fulltrúi skipulagsdeildar

Hjálagt:

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. janúar 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Karlotta Helgadóttir

Tími: 13.01.2026 15:18
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026




Kópavogi, 12. janúar 2026
2510157/ FS,AK

Skemmuvegur 4A

Umsögn um byggingarleyfisumsókn

Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13. október 2025 var lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags. 26. september 2025 þar sem byggingarleyfisumsókn Handknattleiksfélags Kópavogs var vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt er um leyfi fyrir að gera breytingu á vesturhlið flettiskiltis og koma fyrir rafrænum skjá (LED) 5,8 x 3,8 að stærð á bæjarlandi við Skemmuveg 4A, á gatnamótum Nýbýlavegar og Reykjanesbrautar. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Mynd 1. Loftmynd, flettiskiltið er innan rauða kassans. Örin sýnir flötinn sem hér um ræðir. Tekin af kortavef Kópavogs.

Flettiskiltið er staðsett á bæjarlandi og á svæðinu er í gildi deiliskipulagið „Reykjanesbraut við Mjódd“ sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs 7. september 2000 og borgarráði Reykjavíkur 10. október 2000. Af loftmyndum af dæma var flettiskiltið reist milli 1993-1994.


Árið 2022 var heimilað að hinir fletirnir sem snúa til norð-austurs og suð-austurs að Reykjanesbraut yrðu breytt í stafræna LED skilti. Þá var ekki sótt um að breyta þeim skjá sem snýr til suð-vesturs að íbúðarbyggð og er sótt um að breyta nú.



Mynd 2. Ásýnd frá götu. Mynd tekin í júlí 2022, af já.is.

Forsendur í aðal- og deiliskipulagi

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er flettiskiltið staðsett á svæði sem er skilgreint í Aðalskipulagi Kópavogs sem atvinnusvæði nr. 3 (AT-3). Skiltið er staðsett innan veghelgunarsvæðis bæði Reykjanesbrautar, sem er í umsjá Vegagerðarinnar og Nýbýlavegar sem er skilavegur skv. vegalögum nr. 80/2007.




Mynd 3. Staðsetning flettiskilti á aðalskipulagsupprætti.

Í deiliskipulaginu er ekki fjallað um flettiskilti, hvorki á upprætti né í greinargerð þó að skiltið hafi verið á svæðinu þegar deiliskipulagið var staðfest.

Mynd 4. Gildandi deiliskipulag á svæðinu.

Byggingarleyfisumsóknin





SKÝRINGAR:

SÓTT ER UM BYGGINGARLEYFI FYRIR BREYTINGU Á AUGLÝSINGAFLETI Á BÆJARLANDI VIÐ NÝBÝLAVEG, 200 KÓPAVOGI FYRIR HÖND HANDKNATTLEIKSFÉLAGS KÓPAVOGS, KT 630981-0269

SÓTT ER UM AÐ BREYTA FLETI SEM SNÝR TIL NORÐVESTURS YFIR Í STAFRÆNT SKILT. FLÓTUM TIL NORÐAUSTURS OG SUÐAUSTURS HEFUR ÞEGAR VERIÐ BREYTT Í STAFRÆN SKILT.

UM ER AÐ RÆÐA 8,3m HÁTT STÁLMASTUR MEÐ ÞREMUR STAFRÆNUM SKJÁUM, SEM ERU 3,8 x 5,8m Á KANT.

STÁLMASTRÍÐ STENDUR Á STEINSTEYPTRI UNDIRSTÖÐU, SEM STAÐSETT ER Í HNIPTUNKTI „US-01“. STÁLMASTRÍÐ ER ALLT HEIT- GALVANHÚÐAÐ.

SVÆÐIÐ VIÐ NÝBÝLAVEG ER SKILGREINT SEM SVÆÐI E2, SJÁ NÁNAR TÖFLU 1

LJÓSMAGNI ER STÝRT Á RAFRÆNAN MÁTA Í SAMRÆMI VIÐ LJÓSMAGN Í UMHVERFINU HVERJU SINNI SKILTID VERÐUR MEÐ MESTA MÖGULEGA LJÓSMAGN U.P.B. 9000nits OG VERÐUR STÝRT Í GEGNUM 4g BÚNAÐ. HVER SKJÁR VERÐUR TENGÐUR VIÐ BIRTUNEMA SEM STYRIR LJÓSMAGNI SKJÁSINS VIÐ MISMUNANDI BIRTUSTIG UMHVERFISINS „NOVASTAR AMBIENT BRIGHTNESS SENSOR NS060. EINNIG VERÐUR HVERJUM SKJÁ STÝRT AF „AOPEN DE3450“ TÖLVU SEM ER ÞANNIG STILLT AÐ EF UM BILUN VERÐUR AÐ RÆÐA FER SKJÁRINN SJÁLFKRAFA Á 4% STILLINGU, EN ÞAÐ MAGN Á AÐ GEFA U.P.B. 300 „CANDELA PR. m²“.

MEÐ STJÖRNÞUNABI VERÐUR TRYGGT AÐ LJÓSMAGN SKILTIS MÆTI ÁVALLT VIÐMIÐUM SVEITAFÉLAGSINS UM LJÓSMAGN LJÓSKILTA, BÆÐI AÐ DEGI OG KVÖLDI.

ALLUR STYRIBÚNAÐUR SKILTISINS ER STAÐSETTUR Á UNDIRSTÖÐU Á BAK VIÐ SKJÁNA.

KÓPAVOGUR, BÆJARLAND
LANDEIGNANÚMÉR — STAÐGREINIR —

Mynd 6. Greinargerð með innsendri umsókn.

Í umsókninni er sótt um að norðvestur flötur skiltisins verði breytt í stafrænt LED skilti. Greinargerð umsóknarinnar tekur fram að mesta mögulegt ljósmagn verði u.p.b. 9000nits. Nit er mælieining sem er notuð til að reikna út birtustig stafrænna skjáa sem nota ljósgeislunartækni eins og t.d. LED, önnur mælieining sem er notuð er cd/m² (candela per square meter) 1nit er hið sama og 1 cd/m².



Mynd 7. Fjarlægð aðliggjandi íbúðabygðar frá skiltinu.

Hafin er vinna við setja skiltareglur hjá Kópavogsbæ en ólíklegt er að þær reglur muni leyfa LED ljóssaskilti í þessari nálægð við íbúðarhverfi og vísar í áttina að því með þetta nit eða cd/m² birtustig.



Umsögn og niðurstaða

Niðurstaða skipulagsdeildar er að ekki sé unnt að veita heimild fyrir þeim skiltum sem sótt er um án þess að slíkt skilti hafi stoð í deiliskipulagi.

Stutt er í íbúðir við Trönuhjalla 13-23, samkvæmt grunnmýndum bygginganna snúa svefnherbergi íbúðanna í norður í átt að fyrirhuguðu stafræna skilti.

Fyrirhugað stafrænt LED skilti í þessari nálægð sem lýsir í átt að íbúðarbyggð er líklegt til að hafa truflandi áhrif á íbúðarbyggðina og hafa neikvæð umhverfisáhrif m.t.t. ljósvistar á íverusvæði íbúa. Lagt er til að umsókninni verði synjað.

F.h. skipulagsfulltrúa
Freyr Snorrason
Verkefnastjóri



Rafræn skilríki

Undirritað af: Freyr Snorrason

Tími: 13.01.2026 13:11
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með  OneSign

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026